

## AUGLÝSING

### **um breytingu á svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018, stækkun frístundasvæðis í Lundsskógi í Fnjóskadal, Þingeyjarsveit.**

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 6. október 2003 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018 frá 14. október 2002.

Breytingin felst í því að frístundarbyggðarsvæði í Lundsskógi í Fnjóskadal er stækkað úr um 20 ha í um 60 ha og gert er ráð fyrir um 55 húsum á svæðinu í stað 25-30.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstofnun, 6. október 2003.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*